

GREINING NR. 01/2021

# ER SAMEIGINLEGUR MÁLSKILNINGUR Á NORÐURLÖNDUM?

Gagnkvæmur skilningur fólks á Norður-  
löndum á dönsku, norsku og sænsku er  
meðal þess sem hefur bundið Norðurlöndin  
böndum. Er því einnig þannig varið í dag?  
Norræna ráðherranefndin lagði spurningar  
fyrir fleiri en 2000 ungmenni á aldrinum  
16–25 ára á öllum Norðurlöndunum um  
tungumálakunnáttu þeirra og afstöðu til  
tungumála og menningar.

# Innihald

|                                                                                        |    |
|----------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Formáli                                                                                | 3  |
| Samantekt                                                                              | 4  |
| Inngangur                                                                              | 6  |
| Rannsóknir sýna að málskilningi hefur hrakað                                           | 8  |
| Tungumálakunnátta og afstaða til tungumála                                             | 10 |
| Menningarviðburðir og tungumálanám                                                     | 19 |
| Valdar niðurstöður í ólíkum löndum                                                     | 22 |
| Ályktanir og vangaveltur                                                               | 26 |
| Fylgiskjal 1: Töflur                                                                   | 31 |
| Fylgiskjal 2: Aðferð                                                                   | 39 |
| Fylgiskjal 3: Hæfni til framtíðar – Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir | 40 |
| Fylgiskjal 4 Norrænir samningar á sviði tungumála                                      | 41 |
| Heimildir                                                                              | 42 |

# Formáli

Margt hefur bundið Norðurlöndin böndum. Sameiginleg gildi og svipuð samfélagsgerð hafa skipt miklu. Á sama tíma hefur verið bent á sameiginleg tungumál og menningu sem kjarna norræns samstarfs. Talið hefur verið að flestir íbúar Norðurlanda geti á tiltölulega einfaldan hátt lært að eiga samskipti sín á milli á náskyldu tungumálunum dönsku, norsku og sænsku. Og að þessi skyldleiki tungumála stuðli að samskiptum yfir landamæri.

Tungumál geta einnig verið skiljanleg innbyrðis á öðrum stöðum í heiminum. Það sem er einstakt við norrænt samstarf er pólitísk áhersla á tungumál til að efla samkennd á tilteknu svæði.

Málumhverfi Norðurlanda er einnig annað í dag en fyrir 60 árum síðan. Ungu fólkið hefur alist upp í hnattvæddum heimi þar sem enska er alls staðar nálæg og norrænu tungumálin virðast kannski vera aðeins fjær. Á þeim grundvelli spurði Norræna ráðherranefndin meira en 2000 ungmenntu á Norðurlöndunum öllum hvaða augum þau litu tungumál og menningu, og hve vel þau teldu að þau skildu hvert annað á skandinavísku tungumálunum.

Norræna ráðherranefndin vinnur að því að hrinda í framkvæmd framtíðarsýninni um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi. Eitt markmiðanna er að auka þekkingu barna og ungmennta á tungumálum og menningu grannríkjanna. Við þurfum að vera minnug þess að tungumál eru lærð og notuð af einstaklingum. Það þýðir að lengi má bæta skilning á tungumálum og menningu á Norðurlöndunum. Niðurstöður þessarar könnunar – munurinn milli landanna, áhugi á ólíkum tungumálum og menningu og samhengið milli tungumálakunnáttu og afstöðu til tungumála – geta gefið okkur vísbendingar um hvert við eigum að beina kröftum okkar, þegar könnunin sýnir okkur fyrst og fremst að skilningi ungs fólks á skandinavísku tungumálunum hafi hrakað.

Höfundar skýrslunnar eru Andrea Skjold Frøshaug og Truls Stende sem starfa í greiningar- og gagnadeild skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Spurningakönnunin er unnin af Novus að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Norstat sá um að taka viðtöl við íbúa í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og á Álandseyjum. Á Íslandi var það Gallup, í Færeyjum DMA og á Grænlandi HS Analysis sem sáu um að taka viðtölin, sem undirverktakar fyrir Novus/Norstat.

Kaupmannahöfn, desember 2020

**Paula Lehtomäki**

framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



Ljósmynd: Johnér

## Samantekt

Gagnkvæmur skilningur fólks á Norðurlöndum á dönsku, norsku og sænsku er meðal þess sem hefur bundið Norðurlöndin böndum. Á hinn bóginn tekur málumhverfið stöðugum breytingum. Ungu fólkið hefur alist upp á hnattvæddum Norðurlöndum þar sem enska er hluti daglegs lífs. Á þeim grundvelli lagði Norræna ráðherranefndin spurningar fyrir fleiri en 2000 ungmenni á aldrinum 16–25 ára á öllum Norðurlöndunum um tungumálakunnáttu þeirra og afstöðu til tungumála og menningar.

Í stuttu máli sagt sýnir könnunin að mjög er á reiki milli Norðurlanda og tungumálanna hvernig unga fólkið metur skilning sinn á skandinavísku tungumálunum. Í mörgum landanna er hátt hlutfall ósammála því að auðvelt sé að skilja eitt eða fleiri skandinavísku tungumálanna. Niðurstöðurnar vekja upp nokkrar flóknar spurningar um Norðurlöndin og tungumál:

- Hverjar verða afleiðingarnar af þverrandi málskilningi fyrir það sem oft er kallað norræn samþætting, nánar tiltekið hvernig íbúar Norðurlanda og löndin tengjast saman yfir landamærin? Hvað mun það til dæmis þýða fyrir möguleikana á að vinna í öðrum norrænum ríkjum?
- Hvaða áhrif hefur þessi þverrandi málskilningur á norræna sjálfsmynd – nánar tiltekið á líðan fólks á Norðurlöndunum?
- Hvernig getur Norræna ráðherranefndin stuðlað að auknum málskilningi og þekkingu á tungumálum Norðurlanda í framtíðinni?

## Málskilningur og málkunnátta

Við spurðum unga fólkið um skilning og vald á ólíkum tungumálum – með áherslu á skandinavísku tungumálin.

- Á Norðurlöndunum öllum telja 62 prósent ungs fólks að auðvelt sé að skilja norsku. Sama hlutfall telur auðvelt að skilja sænsku, á meðan mun færri, 26 prósent, eru á sama máli um dönsku. Að baki norræna meðaltalsins (þar sem niðurstöður landanna eru vegnar eftir fjölda íbúa) leynist mikill munur milli landanna.
- Flestir telja einfalt að skilja skandinavísk tungumál í Færeyjum og Noregi.
- Einkum í Finnlandi, á Grænlandi og Íslandi eru tiltölulega margir ósammála því að auðvelt sé

að skilja eitt eða fleiri skandinavísku tungumálanna.

- Ef eingöngu er horft til skandinavísku landanna, eru brestir í skilningi grannmálanna sænsku og dönsku. Einungis 23 prósent ungra Svía telja auðvelt að skilja dönsku og 40 prósent ungra Dana eru sama álits um sænsku.
- Nánast allt ungt fólk á Norðurlöndum (95 prósent) telur auðvelt að skilja ensku. Áhrif ensku eru almennt mikil. Hvorki meira né minna en 65 prósent svara að stundum sé auðveldara að tjá sig á ensku en á móðurmálinu og 62 prósent svara að enska hafi mikil áhrif á tungumál þeirra.
- Jafnframt eru tveir af hverjum þremur sammála um að skilningur á skandinavískum tungumálum sé mikilvægur liður í norrænu samfélagi.

## Val tungumáls

Lifandi málsamfélag ungmennta á Norðurlöndum veltur á því að þau noti skandinavísk tungumál sín á milli. Því spurðum við hvaða tungumál þau velja við ólíkar aðstæður og hvers vegna.

- Hlutfall þeirra sem nota skandinavískt tungumál þegar þau hitta einstakling sem talar annað skandinavískt tungumál er álíka hátt og hlutfall þeirra sem nota ensku. Í báðum tilvikum er hlutfallið nálægt 60 prósentum (svarendur gátu valið milli margra svarmöguleika hér). Niðurstöðurnar eru mjög breytilegar frá einu landi til annars. Rannsóknin bendir til þess að val tungumáls fari eftir aðstæðum.
- Ungir Norðmenn eru síst líklegir til að nota ensku þegar þeir hitta einhvern sem talar annað skandinavískt tungumál (36 prósent segjast gera það).
- Rétt rúmlega níu af hverjum tíu úr hópi ungs fólks á Norðurlöndum láta í ljós að þau skrifi á þjóðtungu sinni á samfélagsmiðlum, á meðan um það bil sex af hverjum tíu skrifa einnig á ensku.
- Veigamestu ástæðurnar fyrir vali á tungumáli á samfélagsmiðlum eru að eins margir og mögulegt er skilji það sem skrifað er og að vinir noti tungumálið. Menning og sjálfsmynd virðast skipta minna máli.

## Menningarviðburðir og tungumál

Norrænt mál- og menningarsamfélag er oft nefnt í sömu andrú og við vildum því kanna hvaða tungumál mætir unga fólkinu á menningarviðburðum og hvað þau telja að geti reynst þeim gagnlegt við að læra tungumál.

- Nánast allir höfðu notið menningar á ensku (96 prósent) á síðustu tveimur mánuðum, á meðan rétt tæplega helmingur hafði notið menningarviðburða á öðru norrænu tungumáli en þjóðtungunni.
- Flest ungt fólk velur menningu á öðru norrænu tungumáli vegna áhugaverðs innihalds (63 prósent) eða skemmtanagildis (42 prósent). Færri völdu það vegna þess að þá langaði til að læra tungumálið (23 prósent).



Ljósmynd: Jakob Boserup

## Inngangur

Hefð hefur verið fyrir því á Norðurlöndunum að líta svo á að sameiginlegur málskilningur auki samkennd meðal íbúa svæðisins. Gagnkvæmur skilningur á norsku, sænsku og dönsku hefur miðað að samskiptum, frjálsri för yfir landamærin og trausti manna á milli. Það hefur ráðið úrslitum um að Norðurlöndin eru orðin samþætt svæði og að ráðist hefur verið í umfangsmikið norrænt samstarf.

Þeir sem skilja eitt hinna skandinavísku tungumálanna eiga auðveldara með að stunda nám á Norðurlöndum og eiga greiðari aðgang að sameiginlegum vinnumarkaði. Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að íbúarnir líta á tækifærið til að geta stundað vinnu, nám eða taka sér búsetu á Norðurlöndunum öllum sem einn helsta kost norrænnar samvinnu.<sup>1</sup>

Gagnkvæmur málskilningur hefur einnig verið stór hluti norrænnar sjálfsmyndar – þess að líta á sig sem Norðurlandabúa og sem hluta Norðurlanda. Að auki njóta skandinavísku tungumálin sérstöðu í opinberu norrænu samstarfi, þar sem vinnumálið er oftast nær skandinavíska og forðast er að nota ensku.

Opinbert norrænt tungumálasamstarf hefur um langa hríð beinst að börnum og ungmennum og skilningi þeirra á dönsku, norsku og sænsku. Skilningur ungs fólks á skandinavísku tungumálunum er sérlega mikilvægur, meðal annars vegna þess að það er unga fólkið sem á að leiða norrænt samstarf inn í framtíðina.

Á síðastliðnum 20 árum hefur málumhverfið hins vegar tekið breytingum. Rannsóknir frá því eftir árið 2000 sýna að unga fólkið skilur skandinavísku verr en áður og hefur mun betra vald á ensku en fyrri kynslóðir (sjá næsta kafla). Áhrif úr ensku, ný tækni og samfélagsmiðlar hafa breytt samskiptum ungs fólks, málnotkun og iðkun menningar.

Norræna ráðherranefndin lagði fram spurningakönnun fyrir ungt fólk á Norðurlöndum um málskilning og afstöðu til tungumála og menningar. Við spurðum unga fólkið hversu vel það skildi ólík tungumál, hvernig það notaði tungumálið og hvaða tungumál yrðu á vegi þess á ýmsum menningarviðburðum. Skýrslan varpar einnig ljósi á málefni á döfinni sem hafa áhrif á málnotkun ungs fólks: áhrif úr ensku, nýja tækni og samfélagsmiðla. Hún tekur einnig á afstöðu ungs fólks til tungumála á Norðurlöndum – meðal annars á því hvort unga fólkinu finnist norrænt

1. Andreasson, U. og T. Stende. (2017). Dýrmætt samstarf. NMR Analyse 2017:3

málsamfélag varða miklu. Spurningakönnunin inniheldur meira en 2000 símaviðtöl við ungt fólk á aldrinum 16–25 ára í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Skýrslan er byggð upp sem hér segir: Fyrst er horft stuttlega til fyrri rannsókna á þessu sviði. Að því loknu er í fyrsta hluta farið yfir niðurstöðurnar almennt, áður en við skrifum aðeins um hvernig hvert landanna er ólíkt hinum Norðurlöndunum. Í niðurlaginu leggjum við áherslu á hvernig málskilningur geti haft áhrif á norræna samstöðu til framtíðar.

## Fáein orð um tungumál Norðurlanda

Á Norðurlöndum eru öll tungumál jafn rétt há þrátt fyrir að þau gegni ekki öll sama hlutverki. Í þessari skýrslu notum við hugtakið þjóðtunga um dönsku í Danmörku, finnsku í Finnlandi, norsku í Noregi, íslensku á Íslandi og sænsku í Svíþjóð. Í Færeyjum er það færeyska, á Grænlandi grænlandska og á Álandseyjum er það sænska.

Danska, norska og sænska eru náskyldar tungur sem skiljast innbyrðis og mynda málsamfélag Norðurlanda. Ýmis landsbundin minnihlutamál og táknmál á Norðurlöndum hafa sérstöðu. Rík tungumálalóra Norðurlanda samanstendur einnig af tungumálum sem eru ekki norræn að uppruna en hafa borist til Norðurlanda á löngum tíma.

Áðurgreindar þjóðtungur tilheyra þremur ólíkum málafjölskyldum. Danska, norska, sænska, íslenska og færeyska tilheyra öll norðurgermanski málafjölskyldu indóevrópskra mála. Danska, norska og sænska (að meðtalinni finnlandssænsku) eru svo náskyld að þau eru skiljanleg innbyrðis. Margt er einnig líkt með íslensku og færeysku, bæði innbyrðis og með skandinavísku tungumálunum þremur, en eru ekki jafn skiljanleg innbyrðis og þau skandinavísku. Finnska (og tungumál Sama) eru finnsk-úgrísk tungumál sem tilheyra úrölskum tungumálum. Þessi tungumál eru í fljótu bragði ekki skiljanleg innbyrðis. Grænlandska, sem er tungumál Inúíta, tilheyrir þriðju tungumálafjölskyldu.

Verulegur munur er á hinum ýmsu tungumálafjölskyldum þegar kemur að málfræðisupbyggingu, hljóðkerfi og orðaforða. Það þýðir að Norðurlandabúar standa mjög misjafnlega að vígi þegar kemur að því hve auðvelt eða erfitt er að skilja skandinavísk tungumál grannríkjanna. Sumir eiga að geta skilið tungumálin þrjú með hliðsjón af náskyldu móðurmáli, á meðan aðrir þurfa að taka þátt í málsamfélaginu með hliðsjón af kunnáttu sinni í erlendum málum. Saga tungumálanna gefur þeim einnig ólíkar forsendur sem samskiptamáta á Norðurlöndunum sem svæði.<sup>2</sup>

## Aðferðafræði spurningakönnunarinnar

Novus gerði spurningakönnunina að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Norstat tók símaviðtölin í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Álandseyjum. Gallup tók viðtölin á Íslandi, á meðan DMA sá um Færeyjar og HS Analysis um Grænland (sem undirverktakar fyrir Novus/Norstat).

Spurningakönnunin fór fram í formi símaviðtala á tímabilinu desember 2019 til febrúar 2020. Hún nær til alls 2092 ungmenna á aldrinum 16 til 25 ára. Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð voru tekin u.þ.b. 400 viðtöl í hverju landanna, á Íslandi u.þ.b. 200 viðtöl og í Færeyjum og á Grænlandi voru tekin u.þ.b. 100 viðtöl. Á Álandseyjum, þar sem eru tæplega 3000 ungmenni milli 16 og 25 ára voru bara tekin 78 viðtöl. Það er lítið í samanburði við hin löndin en ekki tókst að taka fleiri viðtöl. Samt eru svörin til marks um afstöðu hlutfalls íbúanna sem hægt er að alhæfa út frá.

Þegar við greinum frá áliti ungs fólks á Norðurlöndunum öllum, þá skipta niðurstöður sumra landanna meira máli en annarra. Það er vegna þess að niðurstöður landanna eru vegnar á grundvelli hlutfalls ungs fólks á aldrinum 16–25 ára í hverju landanna. Svíþjóð hefur þannig mest áhrif á niðurstöðuna, á meðan Ísland, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hafa minnst áhrif. Við völdum þessa aðferð til að kanna álit allra íbúa Norðurlandanna og þá var sanngjarnt að álit allra ungmenna vegi jafnt. Niðurstöðurnar eru einnig vegnar á grundvelli kyns og aldurs. Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali um aðferðafræði.

---

2. Sletten, I.S. (ritstj.). (2004). Nordens språk med rötter och fötter. Nord 2004:9.



Ljósmynd: Unsplash

## Rannsóknir sýna að málskilningi hefur hrakað

*Håller språket ihop Norden?* frá 2005 er viðamesta og þekktasta tungumálarannsókn á Norðurlöndum. Rannsóknarskýrslan, sem var unnin af Lars-Olof Delsing og Katarina Lundin Åkesson, lýsir raunverulegum skilningi á grannmálunum dönsku, norsku og sænsku ásamt skilningi á ensku meðal framhaldsskólanema á aldrinum 16–19 ára á Norðurlöndunum öllum. Um það bil 850 nemendur voru prófaðir í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, á meðan 450 nemendur voru prófaðir á hinum Norðurlöndunum. Fáeinir foreldrar nemendanna komu einnig við sögu í rannsókninni til að fá samanburð við málskilning eldri kynslóðarinnar. Rannsóknin bar saman prófniðurstöður unga fólksins og foreldranna og rannsókn sem gerð var meðal ungra hermanna árið 1972 (Maurud-rannsóknin). Niðurstaðan varð sú að málskilningi milli dönsku, norsku og sænsku á Norðurlöndum hefði hrakað meðal ungs fólks á þessum 30 árum. Áhugaverð niðurstaða var að Norðmenn skildu grannmálin best meðal dönsku-, norsku- og sænskumælandi, á meðan Færeyingar voru áberandi bestir í dönsku og norsku og næstbestir í sænsku á Norðurlöndunum öllum.<sup>3</sup>

Rannsóknin sýndi enn fremur að skilningur á ensku var almennt góður á Norðurlöndunum öllum. Þessi góða enskukunnátta hefur verið notuð til að setja spurningamerki við bæði nauðsyn og framtíð norræns málsamfélags. Delsing og Åkesson bentu einnig á að skilningnum milli dönsku- og sænskumælandi ungmenna hefði hrakað verulega á einni kynslóð. Spurningakönnunin Dansk og svensk – Fra nabosprog til fremmedsprog? sem var gerð af Robert Zola Christensen og Mari Bacuin árin 2012–2013 styður þessa niðurstöðu þó svo að þessi rannsókn mæli ekki raunskilning, heldur hvernig unga fólkið meti gagnkvæman málskilning á töluðu máli. Niðurstöðurnar byggja á spurningakönnun með alls næstum því 450 dönskum og sænskum nemendum á aldrinum 16 til 18 ára á Eyrarsundssvæðinu.<sup>4</sup>

*Du skal bare kaste deg ut i det* frá 2016 var forkönnun sem byggði á viðtölum við 31 ungmenni frá Norðurlöndunum öllum. Öll ungmennin höfðu stundað vinnu eða nám í grannríki þar sem skandinavíska er töluð. Í sama streng tekur höfundurinn Eva Theilgaard Brink þegar hún ályktar,

3. Delsing, L.-O. og K.L. Åkesson. (2005). *Håller språket ihop Norden?* En forskningsrapport om ungdommars förståelse av danska, svenska och norska. *TemaNord* 2005:573.

4. Christensen, R. og M. Bacuin. (2013). Dansk og svensk – fra nabosprog til fremmedsprog? *Språk i Norden* 2013: 67-82

líkt og Delsing og Ákesson árið 2005, að Færeyingar og Norðmenn skilji best grannmálin og að auðveldast sé að skilja Norðmenn. Brink komst einnig að því að enska er mest notuð við aðstæður þar sem fólk vill halda andlitinu – eins og til dæmis varðandi vinnu þar sem fólk vill ekki verða misskilið eða misskilja aðra. Enska er talin vera skilvirkari fyrir þær sakir að hún er tungumál sem allir hafa svipað vald á, en ungir Norðurlandabúar tala ekki endilega ensku sín á milli öllum stundum. Við óformlegar félagslegar aðstæður er líklegra að þeir tali skandinavísku vegna þess að þá gefst meiri tími og næði til að leiðrétta hugsanlegan misskilning. Margir svarenda í rannsókninni halda því fram að enska geri samtölin formlegri og stífari og leiði þar með til ákveðinnar fjarlægðar frá viðmælendum. Mörg ungmenni héldu því fram að þau ættu á hættu að vera útilokuð frá félagslífi ef þau gætu ekki átt samskipti á grannmálunum. Margir kjósa því oft að tala skandinavísku, annað hvort með því að læra málið á staðnum eða með því að tala það skandinavíska tungumál sem þeir kunna best – með hugsanlegri málfarslegri aðlögun. Tungumálið er notað á þennan hátt til að mynda félagsleg tengsl, eða sem félagslegt lím.<sup>5</sup>

Í stuttu máli sagt sýna þessar rannsóknir að málskilningi milli dönsku, norsku og sænsku hefur hrakað meðal ungs fólks á Norðurlöndunum, einkum milli dönsku og sænsku og að skilningur á ensku er góður.

Líkt og þessar rannsóknir fjallar þessi skýrsla um hve vel ungir Norðurlandabúar skilja skandinavísku tungumálin og ensku. Skýrslan gefur nýjustu mynd af aðstæðum og kemur sem viðbót við niðurstöður fyrri rannsókna.

---

5. Brink, E.T. (2016). *Man skal bare kaste sig ud i det – En interviewundersøgelse af unge i Nordens nabosprogsforståelse i praksis.*




Ljósmynd: Unsplash

## Tungumálakunnátta og afstaða til tungumála

Síðan skoðum við niðurstöður spurningakönnunarinnar.

Í því skyni að öðlast yfirlit um tungumálakunnáttu ungmenna á Norðurlöndum spurðum við hvaða tungumál þau töluðu og/eða skrifuðu auk þjóðtungunnar.<sup>6</sup> Við vitum ekki hve gott vald svarendur hafa á tungumálunum, að því undanskildu að þau upplýsa sjálf að þau tali og/eða skrifi tungumálin. Með öðrum orðum þýðir það að hafa tungumálakunnáttu ekki í þessu samhengi að fullkomið vald sé á tungumálinu. Mynd 1 sýnir valdar niðurstöður.

6. Í þessari rannsókn eru þjóðtungurnar á Norðurlöndunum: danska í Danmörku, finnska í Finnlandi, norska í Noregi, íslenska á Íslandi og sænska í Svíþjóð. Í Færeyjum er það færeyska, á Grænlandi grænlenska og á Ålandseyjum er það sænska.



Mynd 1: „Hvaða tungumál auk þjóðtöngu þinnar talar þú og/eða skrifar?“

Líkt og í fyrri rannsóknarskýrslum sjáum við að meirihluti ungmenna á Norðurlöndunum (93 prósent) telur enskukunnáttu sína vera góða. Þetta á við um nánast öll Norðurlöndin. Ef við skoðum nánar tölurnar fyrir hvert land, sjáum við að aðeins fleiri ungir svarendur á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum segjast tala og/eða skrifa ensku (98 prósent), á meðan Grænland er með lægsta hlutfallið (78 prósent).

Ef við skoðum mynd 1 sjáum við að helmingur (49 prósent) ungra svarenda á Norðurlöndum svara að þau tali eitt tungumál auk ensku sem er ekki norrænt. Flestir svara á þennan hátt í Danmörku (57 prósent) og næstflestir í Svíþjóð (54 prósent).

Einn af hverjum fjórum ungum Norðurlandabúum talar eða skrifar eitt skandinavískt tungumál auk þjóðtungunnar. Ef tölurnar eru skoðaðar fyrir hvert land fyrir sig sjáum við að þetta á við einkum þau lönd þar sem þjóðtungan er ekki skandinavísk og tungumálið er kennt í skólanum. Í Finnlandi svara 72 prósent að þau hafi vald á sænsku, á meðan 97 prósent ungra Færeyinga, 71 prósent ungra Grænlandinga og 55 prósent Íslendinganna svara að þau tali eða skrifi dönsku.<sup>7</sup> Í Færeyjum svarar tiltölulega stór hluti að þau skrifi eða tali einnig norsku (43 prósent).

Enn fremur sjáum við að sjö prósent ungmenna á Norðurlöndum svara að þau tali „þjóðtöngu minnihluta í löndunum“.

Það eru einungis 2 prósent ungs fólks á Norðurlöndum sem eingöngu tala þjóðtunguna. Alls talar eða skrifar rúmlega helmingur ungs fólks á Norðurlöndum þrjú tungumál eða fleiri (62 prósent), á meðan 36 prósent tala eða skrifa þjóðtunguna og eitt tungumál til viðbótar.

Af þeim sem eru fæddir erlendis eða hafa minnst annað foreldrið fætt utan Norðurlanda, gefa 75 prósent upp að þau tali eitt tungumál auk ensku sem er ekki norrænt. Það sem spilar inn í að jafn margir og raun ber vitni tali eitt tungumál auk ensku sem er ekki norrænt, er að þeir læra eitt af þessum tungumálum í skóla.


7. Um það bil fimm prósent íbúa Finnlands hafa sænsku sem móðurmál. Rannsóknin greinir ekki á milli þeirra og þeirra sem hafa finnsku sem móðurmál.

## Mjög ólíkur skilningur á skandinavísku tungumálunum

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós að skilningi ungs fólks á Norðurlöndum á norsku, sænsku og dönsku hefur hrakað og það er útbreidd skoðun að margt ungt fólk á Norðurlöndum skipti yfir í ensku þegar það hittir aðra Norðurlandabúa.<sup>8</sup> Hver er staðan árið 2020?

Settar voru fram ólíkar fullyrðingar í könnuninni sem svarendur áttu að vera fylgjandi eða á móti. Ein spurninganna var hvort unga fólkinu fyndist auðvelt að skilja hvert skandinavísku tungumálanna. Danskir, norskir, sænskir og álenskir svarendur voru ekki spurðir hve auðvelt væri að skilja þjóðtöngu viðkomandi lands. Málið snýst því um hvort unga fólkinu sjálfu finnst auðvelt að skilja tungumálin og ekki um raunverulegan málskilning. Vel getur verið að unga fólkið skilji í raun tungumálin betur eða verr en þau láta í ljós. Til dæmis sýndi rannsóknin *Man skal bare kaste sig ud i det* að í fyrsta skipti sem fólk kynnist tungumáli grannþjóðarinnar getur það komið mjög á óvart því unga fólkið hélt að munurinn á tungumálunum væri minni í raun. Þetta átti við um unga Norðurlandabúa sem fluttust búferlum til eins grannríkjanna til að stunda nám eða vinnu.<sup>9</sup> Rannsókn Christensen og Bacuin benti einnig til þess að þeir sem höfðu kynnst tungumálum grannríkja af eigin raun höfðu minni væntingar um að skilja tungumálin.<sup>10</sup>

Á Norðurlöndunum öllum telja 62 prósent unga fólksins að auðvelt sé að skilja norsku og sænsku, á meðan mun færri (26 prósent) telja dönsku auðskilda. Að baki meðaltalinu leynist mikill munur milli landanna. Munurinn er til kominn vegna þess að unga fólkið í hverju landanna fyrir sig hefur mjög ólíkar forsendur til að skilja skandinavísku tungumálin. Því er nauðsynlegt að skoða niðurstöðurnar eftir löndum og tungumálum, sjá mynd 2.



**Mynd 2: Hlutfall ungs fólks sem er sammála því að auðvelt sé að skilja dönsku, norsku eða sænsku.**

Ath.: Danskir, norskir, sænskir og álenskir svarendur voru ekki spurðir hve auðvelt væri að skilja þjóðtöngu viðkomandi lands. Því er ekki hægt að finna dálka um það á myndinni.

8. Rannsóknir styðja þetta einnig að því er varðar Norðmenn og dönsku, sjá grein norsku málnefndarinnar *Unge snakkar engelsk med danskar*: <https://www.sprakradet.no/Vi-og-vart/hva-skjer/Aktuelt/2019/unge-snakkar-engelsk-med-danskar/>.

9. Brink, E.T., 2016.

10. Christensen, R. og M. Bacuin, 2013.

62 prósent ungs fólks á Norðurlöndum töldu auðvelt að skilja norsku. Hæsta hlutfallið sem telur svo vera má finna á Álandseyjum (85 prósent), með Svíþjóð strax á eftir (80 prósent) og Færeyjar (78 prósent). Í Danmörku svara 67 prósent unga fólksins að norska sé auðveld. Meirihluti ungs fólks á Grænlandi og í Finnlandi telur norsku vera erfiða.

Líkt og með norsku töldu 62 prósent norræna ungmenna að auðvelt væri að skilja sænsku. Nánast allir svarendur frá Noregi voru sammála þessari fullyrðingu (90 prósent), það er hæsta hlutfallið á Norðurlöndum. Danir, hins vegar, telja sænsku mun erfiðari. Einungis 40 prósent eru sammála því að tungumálið sé auðvelt, samanborið við 62 prósent í Finnlandi og 51 prósent í Færeyjum. Meirihluti ungs fólks á Íslandi (63 prósent) og Grænlandi (83 prósent) eru ekki sammála því að auðvelt sé að skilja sænsku.

Danska lítur út fyrir að vera það skandinavísku tungumálanna sem erfiðast er að skilja. Einungis 26 prósent á heildina á Norðurlöndum töldu auðvelt að skilja hana. Að undanskildum Færeyjum og Grænlandi, er meirihlutinn í hinum löndunum ósammála því að danska sé auðvelt tungumál. Eins og sjá má á mynd 2, svara 47 prósent ungra Norðmanna, 37 prósent Íslendinganna, 23 prósent Svíanna og 7 prósent Finnanna í rannsókninni að auðvelt sé að skilja dönsku.

Fyrri rannsóknir benda til þess að sérstök hljóðuppbygging í dönsku, með meðal annars óvenjulega marga sérhljóða og veika samhljóða, valdi því að erfitt sé að greina hvar orð byrjar og endar, og hvaða beygingarmynd er notuð. Það er þannig framburður orðanna sem veldur því að erfitt er að skilja dönsku.<sup>11</sup>

Rannsóknin sýnir enn fremur að Norðmenn og Færeyingar skilja skandinavísku tungumálin best. Það styður við niðurstöður Delsing og Åkesson í rannsókn þeirra á raunverulegum málskilningi árið 2005.<sup>12</sup> Djúpvíðtölin úr rannsókn Brink árið 2016 styðja einnig að Norðmenn séu líklegri til að skilja grannmálin. Rannsókn Brinks sýndi að þeim norrænu svarendum sem ekki eru norskir og sem bjuggu í Noregi fannst þeir skilja betur en svarendur sem fluttu til Danmerkur og Svíþjóðar.<sup>13</sup>

Á meðan margt er líkt með orðaforða norsku og dönsku, þá eiga norska og sænska margt sameiginlegt í hljóðkerfinu. Það þýðir að Norðmenn hafa betri forsendur en Svíar til að skilja danskan orðaforða og betri forsendur en Danir til að skilja sænskan framburð. Danir og Svíar þurfa í auknum mæli að leggja hart að sér þegar þeir reyna að skilja tungumál hvors annars.<sup>14</sup>

Vel getur verið að Norðmenn hafi góðan skandinavískan málskilning vegna þess að þeir eru vanir miklum mun á mállyskum frá heimalandinu.<sup>15</sup> Ein skýring á tiltölulega góðum skilningi Norðmanna á sænsku getur verið sú að margir Svíar búa í stærri borgum Noregs og að margir eru því vanir að heyra sænsku. Noregur og Svíþjóð eiga líka löng sameiginleg landamæri og margir Norðmenn ferðast til Svíþjóðar í fríum.

Færeyingar standa einnig vel að vígi varðandi skandinavískan málskilning. Það getur meðal annars verið vegna þess að færeyska á stóran hluta orðaforða síns sameiginlegan með skandinavísku tungumálunum, danska er kennd frá unga aldri og þeir eru opnir fyrir að taka upp erlend orð – þá mest úr dönsku.<sup>16</sup>

Á meðan Grænlandingar skilja dönsku vel þá eiga þeir í miklum erfiðleikum með að skilja sænsku og norsku. Öfugt við Færeyingana hafa þeir tungumál sem móðurmál sem er ekki norrænt og geta því ekki stuðst við eigin orðaforða til að giska á skandinavísk orð sem eru ekki til í dönsku. Á Íslandi voru það milli 35 og 45 prósent sem fannst auðvelt að skilja norsku, sænsku og dönsku. Líkt og Færeyingar hafa Íslendingar norrænt tungumál sem móðurmál, en þeir hafa harða afstöðu gagnvart tökuorðum og læra ekki dönsku sem kennslutungumál, heldur sem erlent tungumál.<sup>17</sup>

Unga fólkið frá Finnlandi sem tilheyrir ekki minnihlutanum með sænsku sem móðurmál hefur verstu forsendurnar til að skilja skandinavísku tungumálin. Það talar móðurmál sem er ekki norrænt, hefur engin skandinavísk tungumál sem kennslutungumál og lærir sænsku sem erlent

11. Bleses et al. (2008). Early vocabulary development in Danish and other languages; A CDI-based comparison. *Journal of child language* 35:3.

12. Delsing, L.-O. og K.L. Åkesson, 2005.

13. Brink, E.T., 2016.

14. Delsing, L.-O. og K.L. Åkesson, 2005.

15. Brink, E.T, 2016.

16. Delsing, L.-O. og K.L. Åkesson, 2005.


17. S.st.

tungumál. Finniska er nægilega stórt tungumál til að vera sjálfu sér nægt um bókmenntir og menningu á eigin tungumáli.<sup>18</sup> Rannsóknin endurspeglar þetta: Af ungum Finnum töldu einungis 7 prósent að auðvelt væri að skilja dönsku og 22 prósent norsku (62 prósent töldu að auðvelt væri að skilja sænsku).

Við spurðum ungmennin hvort þau teldu að skilningur á dönsku, norsku eða sænsku væri mikilvægur hluti norræns samfélags.<sup>19</sup> Á Norðurlöndunum öllum voru 66 prósent sammála því. Rannsóknin sýndi samhengi milli þessarar fullyrðingar og skilnings á skandinavísku tungumálunum. Flestir voru sammála fullyrðingunni í Noregi og Færeyjum, annars vegar 83 og hins vegar 90 prósent, og það er líka hér sem við finnum unga fólkið sem skilur skandinavísku tungumálin best.

## Ungt fólk notar bæði ensku og skandinavísku sín á milli

Við spurðum unga fólkið hvaða tungumál það notaði þegar þau hittu einhvern sem talar annað skandinavískt tungumál.<sup>20</sup> Rétt rúmlega 60 prósent svara skandinavískt tungumál, á meðan 59 prósent segjast velja ensku. Hér var hægt að velja á milli margra svarmöguleika og það er því ákveðinn hluti sem gefur upp að þau myndu nota bæði ensku og skandinavísk tungumál. Sjá mynd 3. Rétt tæplega tveir af hverjum tíu bættu við að tungumálið sem þau veldu færi eftir aðstæðum hverju sinni (ekki gefið upp á myndinni, sjá fylgiskjal).



**Mynd 3: „Hvaða tungumál notar þú aðallega þegar þú hittir einhvern sem talar annað\* skandinavískt tungumál?“ Hlutfall þeirra sem svöruðu enska eða skandinavískt tungumál (hægt var að velja báða svarmöguleikana)**

\* „Annað“ var einungis með í spurningunni í þeim löndum þar sem þjóðtungan er skandinavískt tungumál.

18. S.st.

19. Breytilegt var frá einu landi til annars hvaða tungumál voru tekin með í spurninguna.

20. Svarendur frá Finnlandi, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi voru spurðir hvaða tungumál þeir veldu ef þeir hittu einhvern sem talaði skandinavískt tungumál.

Eins og myndin sýnir, hefði mun hærra hlutfall norskra ungmenna (86 prósent) en meðaltalið á Norðurlöndum hafa notað skandinavískt tungumál (oftast norsku). Þau eru einnig ólíklegust til að tala ensku. Aftur eru líkindi milli norskra og færeyskra ungmenna. Af unga fólkinu frá Færeyjum hefðu 85 prósent kosið að nota skandinavískt tungumál (einkum dönsku). Íslendingar og Finnar, en einnig ungir Danir, svara í meira mæli að þeir noti ensku.


Unga fólkið gat upplýst að þau notuðu blöndu skandinavískra tungumála. Sex prósent gerðu það á heildina og flestir í Færeyjum (35 prósent), í Danmörku (16 prósent) og á Íslandi (10 prósent). Það getur verið vegna þess að þau aðlaga tungumálið meðal annars vegna þess að þau gera ráð fyrir að erfitt sé fyrir aðra Norðurlandabúa að skilja danskan framburð.

Það lítur út fyrir að vera samhengi milli skilnings á skandinavísku tungumálunum og þess hvort unga fólkið kys að tala ensku eða skandinavísku. Í Finnlandi og á Íslandi má finna hæsta hlutfallið sem velur ensku. Þar eru einnig tiltölulega margir sem segjast eiga í erfiðleikum með að skilja skandinavísk tungumál. Á hinn bóginn velja fæstir ensku í Noregi og Færeyjum þar sem skilningurinn á skandinavískum tungumálum er einnig bestur. Ástæða þess að tiltölulega margir ungir Danir velja ensku kann að vera vegna þess að mörgum á Norðurlöndum finnst erfitt að skilja dönsku. Það má sjá á því að einnig flestir Danir bæta við að val tungumáls fari eftir aðstæðum (38 prósent) og að tiltölulega stór hluti kys blöndu skandinavískra tungumála (16 prósent) (sjá töflu í fylgiskjali).

Eins og nefnt var hér á undan hafa aðstæður einnig áhrif á val tungumáls. Fyrri rannsóknir sýna að enska er aðallega notuð þegar unga fólkið vill forðast misskilning eða halda andlitinu við aðstæður þar sem mikilvægt er að allir skilji boðskapinn. Skandinavíska, á hinn bóginn, er notuð þegar óskað er eftir að skapa nánari félagsleg tengsl.<sup>21</sup>

## Hvaða tungumál notar ungt fólk hversdagslega?

Við spurðum einnig hvað réði úrslitum um hvaða tungumál unga fólkið notaði hversdagslega. Mynd 4 sýnir niðurstöðuna fyrir Norðurlöndin öll (mörg svör voru möguleg).




Mynd 4: „Hvað ræður úrslitum um hvaða tungumál þú notar hversdagslega?“

21. Brink, E.T., 2016.

Rökin sem flestir gáfu upp voru þau að tungumálið væri talað í sambandi við starf eða menntun (61 prósent) og að tungumálið væri notað af fjölskyldu og vinum (61 prósent). Svölítið minni hluti svarar að það ráðist af hve góð tök þau hafi á tungumálinu (32 prósent).

Fjölmíðlavenjur ungs fólks hafa breyst verulega á undanförunum tíu árum. Samfélagsmiðlar hafa fengið mikið rými í daglegu lífi. Við spurningunni um hvaða tungumál séu notuð á samfélagsmiðlum svara níu af hverjum tíu ungmennum að þau skrifi á þjóðtungunni, á meðan hvorki meira né minna en 63 prósent segjast skrifa á ensku (hægt var að velja báða valkostina). Niðurstöðurnar eru mjög breytilegar frá einu landi til annars. Sjá mynd 5.



**Mynd 5: Hlutfall ungs fólks sem skrifar á þjóðtungu viðkomandi lands og á ensku á samfélagsmiðlum**

Enska er notuð minnst af ungu fólki á Grænlandi (30 prósent) og í Noregi (45 prósent). Í Finnlandi, hins vegar, nota þrír af hverjum fjórum ensku á samfélagsmiðlum – hæsta hlutfallið á Norðurlöndum.

Fæst ungt fólk skrifar á þjóðtungunni á Grænlandi. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar enn nánar (kemur ekki fram á myndinni), sjáum við að stór hluti kys að skrifa á dönsku (37 prósent). Einnig í Færeyjum skrifa margir á dönsku (33 prósent). Ísland og Finnland hafa einnig ungmenni sem öðru hverju skrifa á skandinavísku tungumáli, um það bil 10 prósent. Í Finnlandi er skrifað á sænsku (þar sem um það bil fimm prósent hafa hana sem móðurmál), á meðan á Íslandi skiptist hluturinn á dönsku (6 prósent), norsku (2 prósent) og sænsku (2 prósent). Á hinum Norðurlöndunum skrifar unga fólkið aðallega á þjóðtungunni eða ensku.

Að ná til annarra og vera skilinn hefur mikil áhrif á val unga fólksins á tungumáli. Við spurningunni um hvað ræður úrslitum um hvaða tungumál eru notuð á samfélagsmiðlum og þar sem unga fólkið gat valið á milli margra svarmöguleika, svara flestir (58 prósent) að mestu skipti að eins margir og mögulegt er skilji. Tungumálið sem vinir beita skiptir einnig verulegu máli (54 prósent). Aðeins færri svara að val á tungumáli ráðist af hversu góð tök þeir hafi á tungumálinu (27 prósent), hvort tungumálið sé hluti af persónu þeirra (25 prósent) og að tungumálið sé hluti af menningu þeirra (24 prósent).

Ungir Finnar eru þeir sem í mestum mæli svara að tungumálið sem þeir nota á samfélagsmiðlum ráðist af að eins margir og mögulegt er skilji það sem skrifað er. Það stemmir vel við að meirihluti þeirra notar ensku.

## Áhrif ensku eru mikil

Umræðan um áhrif ensku á norrænu tungumálin hefur staðið yfir lengi. Þessi rannsókn lagði fram fjórar fullyrðingar um ensku sem unga fólkið gat verið fylgjandi eða á móti. Sjá töflu 1.

**Tafla 1: Hlutfall ungs fólks sem er sammála eftirfarandi fullyrðingum:**

| Fullyrðing                                                         | Norðurlönd<br>í heild | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð | Færeyjar | Grænland | Álandseyjar |
|--------------------------------------------------------------------|-----------------------|---------|----------|--------|---------|---------|----------|----------|-------------|
| Það er auðvelt að skilja ensku                                     | 95%                   | 96%     | 93%      | 95%    | 95%     | 95%     | 93%      | 78%      | 99%         |
| Stundum er einfaldara að tjá sig á ensku en á mínu eigin tungumáli | 65%                   | 70%     | 58%      | 49%    | 67%     | 64%     | 40%      | 71%      | 61%         |
| Enska hefur mikil áhrif á móðurmál mitt                            | 62%                   | 72%     | 46%      | 55%    | 64%     | 62%     | 60%      | 69%      | 75%         |
| Það er nægilegt að skilja ensku sem eina erlenda tungumálið        | 57%                   | 49%     | 54%      | 38%    | 58%     | 64%     | 28%      | 46%      | 53%         |

Ekki þarf að koma á óvart að nánast allir svöruðu að auðvelt væri að skilja ensku. Ein skýring á góðri enskukunnáttu ungs fólks á Norðurlöndum er að tungumálið kemur snemma á skólagöngu inn í stundatöflu, að þau hlusta á ensku á netinu og í fjölmiðlum og að norrænu tungumálin taka í auknum mæli upp ensk orð og orðatiltæki.<sup>22</sup> Eins og við höfum séð nota einnig mörg ungmenni ensku á samfélagsmiðlum, en það getur stuðlað að eðlilegri notkun ensku og þar með lækkað þröskuldinn fyrir notkun ensku í öðru samhengi.

Rétt rúmur helmingur ungra Norðurlandabúa er sammála því að enska hafi mikil áhrif á móðurmál þeirra og að stundum sé einfaldara að tjá sig á ensku en á eigin tungumáli. Það segir aðeins til um hversu umfangsmikil áhrifin eru og hve vel unga fólkinu gengur að tala og skilja ensku.

Um leið og unga fólkið verður fyrir miklum áhrifum af ensku, telja 84 prósent norrænna ungmenna að nauðsynlegt sé að hafa góða þekkingu á þjóðtöngu lands síns til að standa sig í samfélaginu, í námi og vinnu (kemur ekki fram í töflunni). Þessu eru ungu norrænu svarendurnir almennt sammála á svæðinu öllu.

Á Norðurlöndunum öllum voru 57 prósent unga fólksins sammála því að enska nægði sem eina erlenda tungumálið, en hér er mikil munur milli landanna. Svíar eru mest sammála fullyrðingunni en Færeyingar eru minnst sammála.

## Ungt fólk leggur ekki áherslu á málсамfélag Norðurlanda

Við spurðum unga fólkið um hvað væri mikilvægast að eiga samstarf um á Norðurlöndum og þau gátu nefnt eins mörg samstarfssvið og þeim sýndist. Sex prósent nefndu menningu og einungis

22. Frøshaug, A.S., og U. Andreasson. (2020). Lýðræði og þátttaka í loftslagsmálum: Sömu markmið, ólíkar lausnir. *NMR Analyse 2020:2*

þrjú prósent tungumál.<sup>23</sup> Tungumál enduðu þannig í síðasta sæti af 21 samstarfssviði. Flestir nefndu loftslags- og umhverfismál sem mikilvægasta samstarfssviðið. Á sama tíma sjáum við merki þess að unga fólkði telji norrænan málskilning samt vera mikilvægan. Tveir af hverjum þremur voru nefnilega sammála um að mikilvægur liður í norrænu samfélagi væri skilningur á skandinavískum tungumálum. Það bendir til þess að málskilningur sé enn mælikvarði á sjálfsmynd í norrænu samfélagi.

Önnur norræn spurningakönnun sem var gerð 2017 sýndi að ungt fólk á Norðurlöndum telur að annað en málsamfélagið bindi Norðurlöndin böndum. Ein spurninganna var hvað svarandinn teldi vera mikilvægustu ástæðuna fyrir norrænu samstarfi. Meðal fólks á aldrinum 16 til 30 ára gáfu 38 prósent upp að það væri sameiginlegt gildismat, 28 prósent svipuð samfélagsgerð, 18 prósent svipuð menning og einungis 6 prósent að menn skildu tungumál hvers annars í miklum mæli.<sup>24</sup> Um leið lætur margt ungt fólk í ljós í sömu rannsókn að möguleikinn á frjálsri för milli staða á Norðurlöndum sé mesti kostur norræns samstarfs.

Margar skýringar kunna að vera á því að ungt fólk leggi ekki áherslu á tungumál og menningu í norrænu samstarfi. Vel kann að vera að þau telji það skipta litlu máli að skilja hvert annað á skandinavísku tungumáli þegar jafn margir og raun ber vitni skilja ensku. Einnig kann að vera að margt ungt fólk telji að það skilji grannmálin betur en það í raun gerir og telji því enga nauðsyn bera á samstarfi um eitthvað sem gengur vandræðalaust fyrir sig. Tungumál og menning eru heldur ekki á dagskrá á sama hátt dags daglega og til dæmis umhverfis- og loftslagsmál og heilbrigðismál. Einnig kann að vera að fólk telji að tungumál missi mikilvægi sitt í norrænu samstarfi samhliða þverrandi skilningi á skandinavískum tungumálum.

---

23. Niðurstöðurnar koma ekki fram í meðfylgjandi töflum. Sjá Frøshaug, A. og U. Andreasson, *Demokrati og klimaengasjement i Norden: Felles retning, ulike løsninger* (2020), sem meðal annars fjallar um hvað íbúar Norðurlanda telja mikilvægast að eiga samstarf um.

24. Andreasson, U. & T. Stende, 2017.



Ljósmynd: Unsplash

## Menningarviðburðir og tungumálanám


Áhugavert er hvað leiðir til þess að ungt fólk lærir nýtt tungumál. Við lögðum fram fjórar fullyrðingar fyrir svarendur sem vörðuðu tungumálanám og mynd 6 sýnir hve margir voru sammála þeim.

Hvorki meira né minna en 90 prósent ungs fólks á Norðurlöndum segist vera sammála því að sjónvarp, kvikmyndir, leiklist, tónlist og bækur á öðrum tungumálum auki áhugann á að læra tungumálið. Aðeins lægra hlutfall (82 prósent) er sammála því að fjölskylda og vinir sem tala önnur tungumál vekja áhuga þeirra á að læra fleiri tungumál. Ungu fólkinu er mikið í mun að foreldrar ættu að kenna börnum sínum þau tungumál sem eru töluð innan fjölskyldunnar og 85 prósent voru sammála þeirri fullyrðingu.

Næstum því níu af hverjum tíu eru sammála því að einfaldasta leiðin til að læra nýtt tungumál sé að hitta fólk sem talar annað tungumál en þau sjálf. Flestir sem hafa rannsakað skilning á tungumálum grannríkja á Norðurlöndum hafa lagt áherslu á hve mikilvægt er að hitta annað fólk til að auka skilning og gjarnan á löngum tíma. Fyrirgreind rannsókn Brink frá árinu 2016 sýndi að skilningur á tungumáli grannþjóðarinnar jókst verulega á fyrstu tveimur mánuðunum sem dvalist var í grannríkinu. Finnskumælandi Finnar og Íslendingar eyddu aðeins lengri tíma í að ná skilningi (þremur til sex mánuðum).<sup>25</sup>

---

25. Brink, E.T., 2016.



Mynd 6: Hlutfall þeirra sem voru sammála fullyrðingunum:

## Unga fólkið verður fyrir langmestum áhrifum af ensku í menningarafurðum


Eins og nefnt var í kaflanum á undan eru níu af hverjum tíu ungmennum sammála því að sjónvarp, kvikmyndir, leiklist, tónlist og bækur á öðrum tungumálum geti aukið áhugann á að læra tungumál. Því er áhugavert að vita meira um hvaða tungumál ungt fólk rekst á í menningarafurðum. Viðmælendur voru spurðir um þetta og mynd 7 sýnir hlutfallið sem gaf upp nokkra valda svarmöguleika.

Ekki þarf að koma á óvart að 96 prósent ungs fólks á Norðurlöndum hefur notið menningar á ensku á síðustu tveimur mánuðum. Helmingurinn hefur notið menningar á tungumáli auk ensku sem er ekki norrænt.

Að meðaltali hafa 46 prósent norrænna ungmenna notið menningar á öðru norrænu tungumáli en þjóðtungunni. Frekari greining sýnir að þetta er algengast í Færeyjum, Finnlandi og á Íslandi, þar sem 9 af hverjum 10 í Færeyjum, 8 af hverjum 10 í Finnlandi og 6 af hverjum 10 á Íslandi svara að þau hafi notið menningar á öðru norrænu tungumáli. Finnar rekast að mestu á sænsku (76 prósent), á meðan flestir ungir Færeyingar og Íslendingar rekast á dönsku. Hlutfallið sem hefur notið menningar á öðru norrænu tungumáli er lægst í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þar sem 41 prósent, 34 prósent og 39 prósent hafa gert það.

Skýrt samhengi er milli neyslu menningar og málskilnings. Meðal þeirra sem tala minnst eitt skandinavískt tungumál auk þjóðtungunnar eru það hvorki meira né minna en 78 prósent sem hafa notið menningar á minnst einu öðru norrænu tungumáli en þjóðtungu viðkomandi lands á síðustu tveimur mánuðum. Hvort það er neysla menningar sem leiðir til góðrar tungumálakunnáttu, eða góð tungumálakunnátta sem leiðir til neyslu menningar, því svarar rannsóknin ekki.

Unga fólkið var að því loknu spurt hvers vegna það veldi menningu á öðru norrænu tungumáli. Sex af hverjum tíu svöruðu að það væri vegna áhuga á innihaldinu, fjórir af hverjum tíu vegna skemmtanagildis og tveir af hverjum tíu vegna þess að þeir vildu læra tungumálið. Einnig voru 18 prósent sem leituðust eftir nýjum menningarlegum áhrifum.



**Mynd 7. „Hvaða tungumál hefurðu rekist á í kvikmyndum, sjónvarpi, streymisþjónustu með hreyfimyndum, tölvuleikjum, leikhúsi, bókmenntum eða dagblöðum síðustu 2 mánuði?“**



Ljósmynd: Mads Schmidt Rasmussen

## Valdar niðurstöður í ólíkum löndum

Í þessum kafla kynnum við fáeinar valdar niðurstöður í hverju landi, með áherslu á skilning unga fólksins á skandinavísku tungumálunum.

### Danmörk

Rétt tæpum helmingi ungs fólks í Danmörku, 40 prósentum, finnst auðvelt að skilja sænsku. Norska er auðveldari, 67 prósentum finnst auðvelt að skilja hana. Í samanburði við hin skandinavísku löndin sjáum við að færri Dönnum en Svíum finnst auðvelt að skilja norsku og mun færri Dönnum en Norðmönnum finnst auðvelt að skilja sænsku. Um leið telja Danir skilning sinn á norsku og sænsku vera betri en Norðmenn og Svíar telja skilning sinn vera á dönsku.

Það að talsverður hluti Dana upplifir vandamál tengd eigin málskilningi og annarra getur útskýrt að hvorki meira né minna en 65 prósent tala ensku þegar þeir hitta einhvern sem talar annað skandinavískt tungumál, og 56 prósent dönsku (við þessari spurningu voru eins og áður gat fleiri svarmöguleikar). Hér er Danmörk frábrugðin Svíþjóð og Noregi þar sem meirihlutinn hefði valið eigið tungumál. Á sama tíma haga Danir tjáskiptaleiðum sínum eftir aðstæðum hverju sinni. Rétt tæplega 40 prósent segjast velja tungumál eftir aðstæðum og tiltölulega stór hluti, 16 prósent, hefðu valið blöndu skandinavískra tungumála.

Rannsóknin bendir til þess að enska hafi sterka stöðu í Danmörku. Hér sjáum við næst hæsta hlutfallið (70 prósent) sem svara að stundum sé auðveldara að tjá sig á ensku en á móðurmálinu. Álíka margir segja að enska hafi mikil áhrif á móðurmálið, en það er einnig tiltölulega hátt hlutfall.

Rétt tæplega tveir af hverjum tíu ungum Dönnum segja að þeir tali minnihlutatungumál í landi sínu. Hér getur sterk staða þýsku í Danmörku haft sitt að segja. Helmingurinn svarar að ekki dugi til að hafa ensku sem eina erlenda tungumálið, en það er um það bil 10 prósentustigum meira en meðaltalið á Norðurlöndum. Danmörk er einnig með hæsta hlutfallið sem talar tungumál auk ensku sem er ekki norrænt (57 prósent) og tiltölulega hátt hlutfall (69 prósent) sem talar þrjú tungumál eða fleiri.

## Finnland

Í rannsókn okkar svara sjö af hverjum tíu ungmennum frá Finnlandi að þau hafi vald á sænsku. Hluti þeirra hefur sænsku sem móðurmál en meðal allra íbúa Finnlands á það við um nálega fimm prósent. Flestir Finnar læra sænsku sem erlent tungumál í skóla. Rannsókn okkar greinir ekki á milli þeirra sem hafa finnsku og sænsku sem móðurmál. Þó svo að margir Finnar segist tala eða skrifa sænsku, þá svara einungis 7 prósent að auðvelt sé að skilja dönsku og 22 prósent norsku. Það gæti bent til þess að vald margra ungra Finna á sænsku sé ekki nægjanlegt til að skilja dönsku og norsku. Skýr meirihluti (79 prósent) velja ensku ef þeir hitta einhvern sem talar annað skandinavískt tungumál.

Um það bil helmingur ungmenna í Finnlandi er sammála um að enska hafi mikil áhrif á móðurmál þeirra. Í samanburði við hin Norðurlöndin er þetta lágt hlutfall og skýringin gæti verið sú að Finnland fer hægar í sakirnar með að taka upp tökuorð utan frá.<sup>26</sup> Um leið og tiltölulega mikill munur er milli ensku og finnsku, skrifa 75 prósent ungra Finna stundum á ensku á samfélagsmiðlum, en það er talsvert yfir norræna meðaltalinu sem er 63 prósent.

Þrír af hverjum fjórum ungum Finnum hafa notið menningar á sænsku á síðustu tveimur mánuðum. Það eru flestir á Norðurlöndum á eftir Svíþjóð.

## Færeyjar

Færeyjar eru í ríkjasambandi með Danmörku og Grænlandi. Ungir Færeyingar hafa mjög góðan málskilning á skandinavísku borið saman við hin Norðurlöndin. Nánast allir tala dönsku. Átta af hverjum tíu finnst auðvelt að skilja norsku og tæpur helmingur segist hafa vald á tungumálinu. Að því er varðar sænsku finnst rétt rúmum helmingi auðvelt að skilja hana.

Góður norrænn málskilningur endurspeglast í því að 90 prósent telja að skilningur á dönsku sé mikilvægur liður í norrænu samfélagi. Til samanburðar telja 66 prósent á Norðurlöndunum öllum að mikilvægur liður í norrænu samfélagi sé skilningur á skandinavískum tungumálum. Stór hluti hefði valið skandinavískt tungumál (85 prósent) ef þeir ættu að hitta einhvern sem talar dönsku, norsku eða sænsku, en það er einnig langt yfir meðaltalinu.

Níu af hverjum tíu ungum Færeyingum hafa notið menningar á skandinavísku tungumáli á síðustu tveimur mánuðum. Algengara er að njóta menningar á dönsku, líkt og 88 prósent hafa gert, heldur en færeysku, sem 80 prósent hafa gert. Ungir Færeyingar velja fyrst og fremst menningu á öðrum norrænum tungumálum vegna skemmtanagildis (78 prósent gefa upp þessa ástæðu).

## Grænland

Skýr meirihluti ungra svarenda á Grænlandi gefur upp að dönsku, sem notuð er samhliða grænlenzku, sé auðvelt að skilja (89 prósent). Hið gagnstæða á við um norsku og sænsku – einungis 21 prósent telur auðvelt að skilja norsku og 17 prósent sænsku.

Hlutfall ungs fólks sem einungis talar þjóðtunguna (12 prósent), er mun hærra en á Norðurlöndunum í heild sinni, þar sem það á bara við um 2 prósent. Einnig eru það margir sem nota einungis þjóðtungu landsins daglega (19 prósent borið saman við 6 prósent á Norðurlöndunum á heildina). Fleiri skrifa eða tala ensku (78 prósent) en dönsku (71 prósent).

Dönsk og fyrst og fremst ensk menning er allsráðandi meðal grænlenzkra ungmenna, annars vegar 48 og hins vegar 95 prósent hafa notið hennar síðustu tvo mánuði. Lítil hluti (27 prósent) hafa notið menningar á grænlenzku, en það getur verið tengt magni menningar í boði.

Grænland er það landanna með hæst hlutfall sem notar annað norrænt tungumál á samfélagsmiðlum, alls 37 prósent unga fólksins skrifar á dönsku. Danska er næst mest notaða tungumálið á samfélagsmiðlum á eftir grænlenzku.

---

26. Delsing L.-O. og K.L. Ákesson, 2005.

## Ísland

Á Íslandi telur minna en helmingur ungs fólks auðvelt að skilja skandinavísk tungumál. 45 prósent telja það eiga við um norsku, 37 prósent telja það um dönsku og 35 prósent telja það um sænsku.

Á sama tíma svara sex af hverjum tíu að þeir tali og/eða skrifi á skandinavísku tungumáli. Íslendingar læra dönsku sem erlent tungumál í skóla og 55 prósent gefa upp að þeir skrifi eða tali dönsku. Um leið telja 63 prósent ekki auðvelt að skilja dönsku. Bara rétt rúmur þriðjungur vill nota skandinavískt tungumál þegar þeir hitta einhvern sem talar dönsku, norsku eða sænsku.

Af ungum Íslendingum telja einungis 45 prósent að skilningur á dönsku sé mikilvægur liður í norrænu samfélagi. Á sama tíma eru það einungis Færeyingar sem eru meira ósammála fullyrðingunni um að enska dugi til sem eina erlenda tungumálið. Sjö af hverjum tíu ungum Íslendingum nota ensku á samfélagsmiðlum, en það er eilítið meira en meðaltal Norðurlanda.

Tiltölulega margt ungt fólk, rúmlega tveir af hverjum þremur, hefur notið menningar á öðru norrænu tungumáli en sínu eigin. Helmingurinn gefur upp að þeir hafi notið menningar á dönsku, á meðan 32 prósent hafa notið menningar á norsku og 25 prósent á sænsku. Þau hafa fyrst og fremst valið menningu á öðru norrænu tungumáli vegna skemmtanagildis og/eða áhugaverðs innihalds, en líkt og Finnar eru einnig margir Íslendingar sem segjast hafa gert það til að læra að skilja tungumálið betur (36 prósent). Borið saman við Norðurlöndin í heild sinni eru einnig mun fleiri á Íslandi sem svara að þeir njóti menningar á öðru norrænu tungumáli vegna þess að þeir hafi tengingu við hlutaðeigandi land (25 prósent).

## Noregur

Borið saman við hin Norðurlöndin lítur út fyrir að mörg norsk ungmenni skilji sænsku og dönsku vel. Hvorki meira né minna en níu af hverjum tíu finnst auðvelt að skilja sænsku. Rétt tæpum helmingi finnst auðvelt að skilja dönsku. Í Noregi finnum við einnig hæsta hlutfallið á Norðurlöndum sem gefur upp að þau myndu tala eigið tungumál í samskiptum við einstaklinga sem tala dönsku eða sænsku, hvorki meira né minna en átta af hverjum tíu. Einungis 36 prósent kysu ensku, borið saman við 59 prósent á Norðurlöndunum öllum. Í Noregi finnum við einnig næst lægsta hlutfallið (á eftir Grænlandi) sem skrifar á ensku á samfélagsmiðlum, 45 prósent svara þannig.

Tiltölulega hátt hlutfall (83 prósent) telur skilning á dönsku og sænsku vera mikilvægan lið í norrænu samfélagi. Á sama tíma hefur einungis einn af hverjum þremur ungum Norðmönnum svarað að þeir hafi notið menningar á öðru norrænu tungumáli á síðustu tveimur mánuðum. Það er lægsta hlutfallið á Norðurlöndum. Hér er því ekkert samhengi milli þess að telja málsamfélagið vera mikilvægt og þess að leita eftir menningu á öðrum norrænum tungumálum.

## Svíþjóð

Einungis rétt rúmlega tveir af hverjum tíu ungum Svíum telja auðvelt að skilja dönsku. Það er næst lægsta hlutfallið á Norðurlöndum, á eftir Finnlandi. Á sama tíma finnst átta af hverjum tíu auðvelt að skilja norsku. Sex af hverjum tíu velja sænsku, og örlítið færri ensku, þegar þeir eiga samskipti við fólk sem talar dönsku eða norsku. Það er nálægt norræna meðaltalinu.

Sænsk ungmenni telja í meira mæli en ungmenni á hinum Norðurlöndunum að enska dugi til sem eina erlenda tungumálið. Í Svíþjóð eru 64 prósent þeirrar skoðunar.

Rétt rúmur helmingur svarar að þau tali eða skrifi eitt tungumál auk ensku sem er ekki norrænt, en það er næst hæsta hlutfallið á Norðurlöndum. Það getur verið ástæðan fyrir því að Svíþjóð hefur hæst hlutfall ungs fólks sem skrifar á einu tungumáli auk ensku sem er ekki norrænt á samfélagsmiðlum (12 prósent). Flestir Svíar skrifa sænsku á samfélagsmiðlum, en stór hluti notar einnig ensku. Opnu svörin frá ungum Svíum sýna að þeir velja tungumál sem skrifað er eftir markhópnum.

## Álandseyjar

Álandseyjar eru sjálfstjórnarsvæði í Finnlandi. Opinbert tungumál Álendinga er sænska. Meirihluti telur auðvelt að skilja norsku (85 prósent), en ekki dönsku (29 prósent), og verulegur hluti talar finnsku (41 prósent). Um það bil sex af hverjum tíu tala sænsku þegar þeir hitta einstaklinga frá Noregi eða Danmörku. Rúmlega helmingur segist einnig nota ensku.

Ungmennni frá Álandseyjum eru mest sammála því að enska hafi mikil áhrif á móðurmál þeirra (75 prósent).

Á samfélagsmiðlum skrifa nánast allir á sænsku og nánast enginn á finnsku (eða einhverju öðru norrænu tungumáli). Meirihluti notar einnig ensku öðru hverju á samfélagsmiðlum (64 prósent).



Ljósmynd: Johnér

## Ályktanir og vangaveltur

Tungumálalegt og menningarlegt samfélag hefur átt sinn þátt í að binda Norðurlöndin böndum. En málumhverfið tekur stöðugum breytingum. Ungu fólkið hefur alist upp í hnattvæddum heimi þar sem enska er eðlilegur hluti daglegs lífs flestra. Við spurðum rúmlega 2000 ungmenni á Norðurlöndum um tungumálakunnáttu og afstöðu þeirra til tungumála og menningarviðburða. Í þessum kafla koma ályktanir úr rannsókninni og nokkrar vangaveltur um niðurstöðurnar.

### Málskilningur er slakur í mörgum landanna – en ekki alls staðar

Rannsóknir á þessari öld hafa sýnt að skilningi á skandinavískum tungumálum hefur hrakað á Norðurlöndum.<sup>27</sup> Niðurstöðurnar úr rannsókn okkar staðfesta að mörgu ungu fólki á Norðurlöndunum finnst tungumálin vera torskilin. Þar sem ekki eru til neinar samanburðarhæfar rannsóknir frá fyrri tíð er erfitt að segja til um hvort málskilningi hafi hrakað á undanförunum árum. En margt bendir til þess að honum hafi ekki farið fram. Rétt tæplega fjórum af hverjum tíu ungmennum á Norðurlöndum finnst erfitt að skilja norsku og sænsku, og hvorki meira né minna en sjö af hverjum tíu finnst erfitt að skilja dönsku. Að baki norræna meðaltalinu leynist mikill munur milli landanna. Einkum í Finnlandi, á Íslandi og Grænlandi segjast mörg ungmenni eiga í erfiðleikum með að skilja skandinavísku tungumálin. Sé einungis horft til skandinavísku landanna, þá er skilningi grannmálanna dönsku og sænsku sérlega ábótavant, en það hafa fyrri rannsóknir einnig leitt í ljós. Í Noregi og Færeyjum er málskilningurinn betri.

Á sama tíma og margt ungt fólk á Norðurlöndum telur skandinavísk tungumál vera torskilin, þá finnst nánast öllum vera auðvelt að skilja ensku, en það kemur heldur ekki verulega á óvart í ljósi fyrri rannsókna og útbreiðslu enskunnar. Rannsóknin sýnir að áhrif ensku eru almennt mikil. Margir telja að enska hafi mikil áhrif á móðurmál þeirra og að stundum sé auðveldara að tjá sig á ensku en á eigin tungumáli. Enska er með öðrum orðum orðinn hluti daglegs máls unga fólksins.

Í samskiptum við einstaklinga sem tala annað skandinavískt tungumál kjósa um það bil sextíu prósent að tjá sig á ensku. Það er há tala ef gert er ráð fyrir að lifandi og raunverulegt málsamfélag meðal ungs fólks byggist á að það tali skandinavísk tungumál í samskiptum sín á milli. Rannsóknin sýnir einnig að samhengi er milli málskilnings og vals á tungumáli. Í löndum þar

27. Delsing, L.-O. og K.L. Ákesson, 2005.

sem hátt hlutfall telur skandinavísk tungumál vera torskilin kjósa fleiri ensku.

Þó svo að margir grípi til ensku í samskiptum við einstaklinga sem tala annað skandinavískt tungumál, þá eru það raunar aðeins fleiri sem kjósa skandinavískt tungumál (svarendur gátu valið marga svarmöguleika við þessari spurningu). Það bendir til vilja til tjáningar á skandinavískum tungumálum.

Unga fólkið virðist beita hagnýtri nálgun við val tungumáls á samfélagsmiðlum. Næstum því tveir af hverjum þremur skrifa á ensku á samfélagsmiðlum, á sama tíma og nánast allir skrifa einnig á þjóðtungu landsins. Margir upplýsa að meira máli skipti að eins margir og mögulegt er skilji það sem þau skrifa en að tungumálið sé hluti persónu og menningar þeirra. Slíka hagnýta nálgun mátti einnig sjá í rannsókn Brinks, en hún sýndi að ungt fólk kysir að nota skandinavísku þegar það vill mynda nán félagsleg tengsl, og ensku þegar mikilvægt er að skiljast, til dæmis í starfssamhengi.<sup>28</sup> Skandinavísk tungumál og enska geta þannig bætt hvort annað upp á þann hátt að tungumál er valið eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni. Slík samhliða málnotkun í reynd milli ensku og skandinavísku er hugsanlega traustasta leiðin fyrir málsamfélagið til lengri tíma lítið.

## Menningarviðburðir

Menningarviðburðir á öðrum Norðurlandamálum geta stuðlað að málskilningi og bundið Norðurlöndin böndum. Því er gott að sjá að tiltölulega margir (rétt tæpur helmingur) hafi notið menningar á öðru Norðurlandamáli á síðustu tveimur mánuðum. Nánast allt unga fólkið var einnig sammála um að upplifun menningar á öðrum tungumálum jyki áhugann á að læra viðkomandi tungumál. Hins vegar voru það mjög fáir sem völdu menningu á öðrum tungumálum til þess að læra tungumálin, þeir völdu það fremur vegna þess að innihaldið var áhugavert og skemmtilegt.

Margt ungt fólk taldi einnig að kynni af tungumáli gætu aukið áhugann og þekkinguna á málinu. Flestir töldu að læra bæri það tungumál sem talað væri innan fjölskyldunnar og að einfaldasta leiðin til að læra tungumál væri að eiga samskipti við þá sem tala tungumálið. Þetta segir okkur aðeins um hvaða hvatar örva tungumálaáhuga.

## Hverjar verða afleiðingarnar fyrir Norðurlöndin?

Rannsóknin staðfestir ákveðna tilhneigingu sem við höfum séð um langan tíma. Skilningur ungs fólks á skandinavísku tungumálunum er mjög breytilegur milli Norðurlandanna og í sumum landanna er það hátt hlutfall sem finnst skandinavísku tungumálin vera torskilin – á meðan nánast allir skilja ensku. Niðurstöðurnar vekja upp nokkrar erfiðar spurningar. Fram til þessa hafa það nánast verið viðtekin sannindi í norrænu samstarfi að sameiginlegi málskilningurinn með gagnkvæmum skilningi milli dönsku, norsku og sænsku væri mikilvægur, og að stór hluti Norðurlanda væri bundinn böndum þessa samfélags. Hversu vel á þetta við í dag?

Ein spurning sem vaknar er hvað þessi tiltölulega slaki skilningur á grannmálunum muni þýða fyrir tengingu íbúa landanna – það sem oft nefnist **norræn samþætting**. Til dæmis er erfitt að sjá fyrir sér að þetta muni ekki hafa áhrif á sveigjanleikann á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði. Þeir sem skilja eitt hinna skandinavísku tungumálanna eiga einnig auðveldara með að stunda nám á Norðurlöndum. Spurningakönnun frá 2017 sýndi að íbúar Norðurlanda töldu að einmitt möguleikinn til að geta nýtt allt svæðið til starfa, náms eða búsetu væri einn af helstu kostum norræns samstarfs.<sup>29</sup> Hrakandi skilningur á skandinavísku tungumálunum getur dregið úr möguleikum íbúanna á ferðum innan svæðisins – og bremsað eða snúið við norrænni samþættingu.

Og hvað mun þessi skerti málskilningur þýða fyrir **norræna sjálfsmynd** – að fólk líti á sig sjálft sem hluta Norðurlanda? Sögulega séð hefur sameiginlegi málskilningurinn skipt miklu í þessu samhengi – það að geta skilið tungumál hvers annars, einkum á meðan enska var minna útbreidd, bundið fólk böndum yfir landamæri Norðurlanda og hvatt til norræns samstarfs á

28. Brink, E.T., 2016.

29. Andreasson, U. og T. Stende, 2017.

mörgum sviðum. En það gæti einnig verið að breytast. Spurningakönnunin frá 2017 sýndi að norrænt samstarf nýtur mikils stuðnings meðal íbúa Norðurlandanna. Á sama tíma töldu flestir að tungumál væru ekki helsta ástæða þess að Norðurlöndin ættu að vinna saman. Fremur var það svipuð samfélagsgerð og sameiginleg gildi sem íbúarnir töldu að tengdu okkur böndum.<sup>30</sup> Það lítur því ekki út fyrir að Norðurlandabúar telji að sameiginlegi málskilningurinn ráði úrslitum um norrænt samstarf – í það minnsta ekki til skemmri tíma lítið. Það átti einnig við um unga fólkið. Jafnframt telja tvö af hverjum þremur ungmennum í þessari rannsókn að mikilvægur liður í norrænu samfélagi sé skilningur á skandinavískum tungumálum.

Í dag eru danska, norska og sænska vinnutungumálin í **opinberu norrænu samstarfi**. Flestir pólitískir fundir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs fara venjulega fram á skandinavísku með túlkun á íslensku og finnsku. Frá 2020 hafa finnska og íslenska öðlast sterkari stöðu sem vinnutungumál í Norðurlandaráði (samþykkt árið 2018).<sup>31</sup> Í fáeinum sérstökum tilvikum er töluð enska, til dæmis ef ekki er heppilegt að bjóða upp á túlkun. Umræðan um hvort tími sé kominn til að skipta yfir í ensku er ekki ný af nálinni. Þó svo að þessi rannsókn beinist að ungu fólki, sem er annar markhópur en flestir þeir sem taka þátt og vinna í opinberu norrænu samstarfi, þá er það unga fólkið sem smám saman á að taka við samstarfinu – og því skiptir málskilningur þess máli. Við verðum að spyrja okkur sjálf hvort norrænt samstarf ætti ekki að endurspeglar ungt fólk, og hvort margt ungt fólk gæti misst áhugann á samstarfinu þegar það fer fram á tungumálum sem það skilur ekki. Smám saman eigum við á hættu að til verði A- og B-lið í norrænu samstarfi – þeir sem hafa vald á skandinavískum tungumálum, og þeir sem ekki hafa það – með þeim afleiðingum að sumir eigi erfitt með að taka þátt í formlegu samstarfi. Á sama tíma er augljóst að hluti hins sérstaka við norrænt samstarf mun hverfa ef enska verður vinnutungumálið.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa einnig ástæðu til að velta fyrir sér hvort – og þá hvernig – Norræna ráðherranefndin skuli eiga samstarf um tungumál í framtíðinni. Ungu fólkið leggur ekki mikla áherslu á tungumál og menningu þegar kemur að málefnum sem á að leggja áherslu á í norrænu samstarfi. Það vill fyrst og fremst að Norðurlöndin leggi áherslu á loftslags- og umhverfismál.<sup>32</sup> Það lítur út fyrir að unga fólkið leggi mesta áherslu á samstarf um mikilvæg málefni, og að tungumálin sem notuð eru á Norðurlöndum í samskiptum við aðra Norðurlandabúa skipti minna máli.

Í þessu samhengi má nefna að erfiðleikum er bundið að biðja fólk um að forgangsraða hversu mikilvægt tungumálasamstarfið er í samanburði við beinni samstarfssvið eins og umhverfis-, loftslags- og heilbrigðismál. Í því samhengi getur sameiginlegi málskilningurinn við fyrstu sýn virst skipta minna máli að eiga samstarf um. Á sama tíma má líta á sameiginlega málskilninginn sem hvata norræns samstarfs, einnig umhverfis-, loftslags- og heilbrigðismálasamstarfs. Og eins og áður var getið telja mörg ungmenni að skilningur á skandinavískum tungumálum sé mikilvægur fyrir norrænt samfélag, en það gæti bent til þess að þau telji það vera mikilvægt, en hugsanlega ekki mikilvægt til að eiga samstarf um.

Með öðrum orðum má spyrja sig hvort sameiginlegur norrænn málskilningur hafi fyrst og fremst sitt eigið gildi sem tákni og mælikvarði á sjálfsmyndina, eða hvort gagnkvæmur málskilningur sé hvati fyrir norrænt samstarf og norræna samþættingu.

## Hvað getur Norræna ráðherranefndin gert til að auka skilning á skandinavísku tungumálunum?

Tvær spurningar sem vakna í kjölfar niðurstaðna þessarar rannsóknar eru, í fyrsta lagi hvað það er sem getur hafa leitt til hrakandi skilnings á skandinavísku tungumálunum, og í öðru lagi hvað Norræna ráðherranefndin getur gert til að bæta skilninginn. Hér koma fáeinar tillögur að svörum:

- **Hnattvæðingin skiptir sköpum.** Pólitísk og efnahagsleg aðild að ESB og EES hefur valdið því að áherslan hefur færst frá Norðurlöndum í áttina að Evrópu – þar sem einkum er töluð enska, franska og þýska, og ekki skandinavíska. Aðrir heimshlutar hafa einnig opnast

30. S.st.

31. Norden.org. (2018). Staða finnsku og íslensku styrkt í Norðurlandaráði. <https://www.norden.org/is/news/stada-finnsku-og-islensku-styrkt-i-nordurlandaradi>.

32. Frøshaug, A. og U. Andreasson, 2020.

mörgum Norðurlandabúum á undanförunum áratugum. Til dæmis voru norrænu grannríkin eðlilegir áfangastaðir hérna áður fyrr, á meðan Norðurlandabúar í dag ferðast til allra heimshorna. Sama á við um námsdvöl í útlöndum. Á heildina séð upplifa Norðurlandabúar líklega sjaldnar skandinavísk tungumál en áður. Innflutningur fólks hefur einnig leitt til þess að margir íbúa Norðurlanda hafa ekki nægilega þekkingu á skandinavísku tungumálunum til að geta skilið grannmálin tvö.

Alþjóðavæðing og samþætting í Evrópu eru djúpstæðar breytingar sem Norræna ráðherranefndin hefur lítið að segja til um. Ráðherranefndin hefur hins vegar fjölda styrkjaáætlana sem stuðla að frjálsri för yfir landamæri Norðurlanda og auka þar með skilning á skandinavísku tungumálunum á Norðurlöndum. Aukinn menningar- og málskilningur stuðlar að frjálsri för og samstöðu þvert á landamæri. Málskilningur og skiptiáætlunir fela í sér gagnkvæman stuðning. Nordplus, sem er norræn-baltnesk styrkjaáætlun vegna ferða, náms, tungumála og símenntunar, er eitt dæmi. Norrænir samningar á sviði menntamála stuðla einnig að frjálsri för á Norðurlöndum.

- **Enska er orðin útbreidd jafnt í alþýðumeningu, á samfélagsmiðlum, í nýrri tækni, á netinu, í æðri menntun og atvinnulífinu.** Þegar enska breiðist út, bælir hún á vissan hátt tungumál Norðurlanda. Það á ekki einungis við um skandinavísku tungumálin þrjú, hin tungumálin eru einnig undir þrýstingi.

Þó svo að um sé að ræða alþjóðlega þróun og því lítið hægt að gera af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar, vinnur ráðherranefndin á fjölda sviða að auknum málskilningi á Norðurlöndum fyrir tilstilli menningarviðburða. Norræni kvikmynda- og sjónvarps sjóðurinn er dæmi. Norræna ráðherranefndin um menningarmál, fimm norrænar kvikmyndastofnanir og 16 norrænar sjónvarpsstöðvar eru aðilar að sjóðnum. Verkefni sem óska eftir styrk úr sjóðnum verða að ná til minnst tveggja norrænna ríkja. Styrkjaáætlunin Volt er annað dæmi þar sem börn og ungmenni taka virkan þátt í menningar- og tungumálaverkefnum. Auk þess geta Norðurlöndin miðlað reynslu um stefnumótun til eflingar eigin tungumálum.

- **Þekking á tungumálum og menningu grannþjóðanna virðist vera lágt skrifuð í menntakerfinu.** Tungumálastefna og stefna í menntamálum eru í verkahring landanna og utan umboðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Milliríkjasamstarf eins og norræna samstarfið hefur því takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif á þróunina á þessum sviðum. Tilhneiging er til að kennsla í ensku njóti forgangs umfram kennslu í skandinavískum málum sem erlendum málum. Önnur tilhneiging er sú að háskólar og fagháskólar bjóða nám á ensku þannig að námsmenn frá grannríkjunum kynnast ekki tungumáli viðkomandi lands á sama hátt og áður. Þriðja tilhneigingin er sú að margir kennarar sjá að þeir hafa ekki nægilega færni til að kenna um tungumál grannríkjanna fyrir skandinavískumælandi. Málnefndin í Noregi lagði fram rannsókn árið 2011 sem sýndi að einungis 35% kennaranna töldu að þeir hefðu góða færni til að kenna um grannmálin.<sup>33</sup> Sambærilegar niðurstöður voru lagðar fram í rannsókn sem gerð var af sænska kennarasambandinu árið 2012.<sup>34</sup> Hér getur Norræna ráðherranefndin stuðlað að skiptum á upplýsingum, samstarfi milli kennaraháskóla og háskóladeilda fyrir norræn tungumál, boðið upp á aðgerðir til að auka færni kennara og styrki til þróunar námsefnis og annarra tungumálaverkefna.

Tilhneigingin til aukinnar útbreiðslu ensku og minni kynna Norðurlandabúa af skandinavísku málsamfélagi og tungumálum Norðurlanda, er öflug og að miklu leyti utan valdsviðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin hefur hins vegar, eins og kom fram hér á undan, ýmis tæki til að auka skilning á skandinavísku tungumálunum. Spurning sem er utan ramma þessarar skýrslu, er hvaða áhrif þessar aðgerðir hafi á skilning íbúanna á skandinavískum tungumálum – og hve mikil áhrifin væru ef aðgerðirnar yrðu auknar.

33. Språkrådet. (2019). Unge snakkar engelsk med danskar. <https://www.sprakradet.no/Vi-og-vart/hva-skjer/Aktuelt/2019/unge-snakkar-engelsk-med-danskar/>. Birt 28.3.19.

34. Lärarnas Riksförbund. (2012). *Nordiska språk i svenskundervisningen – en promemoria från Lärarnas Riksförbund*.

Hvaða stefnu norrænt samstarf á að taka varðandi þessar spurningar er, þegar allt kemur til alls, pólitísk spurning. Næsta víst er að íbúar Norðurlanda telja að norrænt samstarf sé mikilvægt í sífellt ófriðlegri og viðsjárverðari heimi.

# Fylgiskjal 1: Töflur

**Svörin í könnuninni fyrir Norðurlöndin í heild sinni og eftir löndum**

**1. „Ég ætla að lesa upp nokkrar fullyrðingar. Vinsamlega taktu fram við hverja fullyrðingu hvort þú ert fylgjandi eða ekki.“ Taflan sýnir hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingunum.**

